

Barnaníðingar (grein í DV 13. des. 1996)

Það heyrir um þessar mundir ótíðindafjöld af íslenska kærleiksheimilinu. Þjóðin tekur andköf yfir lágum einkunnum í raungreinum og hvers ótíðindahrinan á fætur annarri um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum skellur á okkur í svörtu skammdeginu. Það er vont að vakna upp af værum blundi við fréttir um, að barnaníðingar eins og sumir kalla þá, gangi lausir. Í sömu andrá er kallað á refsingu. Við viljum hefnd.

Kvenfrelsarar, sem hafa verið á góðri leið með að gera kynferðisleg ósiðsemi og glæpi gegn börnum að kvenfrelsunarmáli, beina spjótum sínum að „ljóta karlinum.“ En hér er um fjölskyldu – og þjóðarvanda að ræða fyrst og fremst. Yfirgnæfandi fjöldi ofbeldissegga rúmast innan fjölskyldunnar eða eru nátengdir henni. Rannsóknir granna okkar sýna, að um fimmtungur þjóðarinnar hafi mátt þola kynferðislega áreitni í bernsku. Jafnt karlar og konur.

Lengi vel virtust stúlkur vera fleiri meðal fórnarlamba, en eftir því, sem vísindalegt athygligáfa skerpist og aðferðir batna, minnkar bilið. Ofbeldi gegn drengjum er langvinnara og hrottalegra, en gagnvart stúlkum, og piltar eiga almennt miklu erfiðara með að ljóstra upp um ódæðið. Um fjórðungur þeirra er að öllum líkindum misnotaður af eldri kynbræðrum. Feðurnir eru stórtækastir, en allmargir drengir eru misnotaðir af karlmönnum úr uppeldisgeiranum. Ódæði kvenna í þessu sambandi er torveldra að henda reiður á, enda oft falin í sjálfu móðurhlutverkinu eins og það hefur skilgreinst.

Kynferðisafbrotamenn af báðum kynjum felast meðal vor í öllum stéttum. Oftast hefja þeir feril sinn á unglingsárum eða um miðjan aldur. Hópur kynferðisafbrotamanna er margleitur eins og títt er um aðra afbrotamenn. Það væri fagleg kórville að sundurgreina þá ekki. Til að mynda er viðáttumunur á unglingsstúlku, sem tælir barnungann svein til samræðis, og afbrotamanni, sem endurtekið skelfir og meiðir til frambúðar fjölda barna. Í þessu ljósi þarf að hemja refsileðina. Við vitum, að í mörgum tilvikum mundi fangavist stuðla að frekari óhamingju. Í öðrum tilvikum væri gelding nauðsynleg.

Á síðustu veraldarráðstefnu um betrun kynferðisafbrotamanna virtist það almenn reynsla, að fangelsisvist hefði engan annan tilgang, en að refsa eða skapa öryggi. Meðferðarstöðin í Ósló býður t.d. norskum yfirvöldum lækningu sérhvers afbrotamanns fyrir örfáar milljónir, minni kostnað, en fangelsisvist. Aukin heldur ber hún oft en ekki árangur.